

119.fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis, 24. september 2020.

Mættir: Páll Árdal, Eiríkur K. Aðalsteinsson, Auður Inga Ólafsdóttir, Einar Gauti Helgason og Víðir Benediktsson.

1. Deiliskipulagsstillaga að Holtahverfi norður :

Nefndarmenn voru almennt sammála um ánægju með öflugra íbúakynningu á deiliskipulaginu í formi göngu með leiðsögn um umrætt svæði, sem og kynningu haldna á netinu þ. 21. september sl.

Hins vegar finnst nefndarmönnum ýmislegt athugasemjulegt við skipulagið. Fyrst má nefna eftirfarandi á bls. 15:

Nýbyggingar undir íbúðabyggingu verða flestar á tveimur hæðum en aðrar einnar til fjögurra hæða.

Eftir kynningargöngu um svæðið eru nefndarmenn sammála um að 4. hæða fjölbýlishús sé allt of stórt þar sem áætlað er að reisa það.

Á bls. 16 er svo skrifað:

Form bygginga innan byggingarreits er frjálst, nema annað sé skilgreint.

Aðeins neðar á sömu blaðsíðu stendur svo:

Tilgreindur íbúðafjöldi er 280 og það er hvorki hámark né lágmark. Nákvæmur fjöldi íbúða og fleira er ákvörðun sem er tekin á næsta stigi og hönnuðir hverrar byggingar leysa. Æskilegt er að gera fjölbreyttar íbúðir í fjölbýlishúsum.

Þótt komi fram í skipulagsdrögum að leyfilegt verði að byggja lægri hús en ekki hærra en það sem tilgreint er (bls. 16) finnst okkur í hverfisnefnd orðalagið hér heldur loðið og gefa svigrúm fyrir að byggingum verði breytt og leyfi gefin fyrir stærri og jafnvel hærra húsum, sérstaklega þar sem stendur að á endanum séu það hönnuðir hverrar byggingar sem eigi að leysa það hve margir eiga að búa á svæðinu. Hvað er t.d verið að meina með fjölbreyttar íbúðir? Orðalagið er mjög loðið og segir manni ekki neitt. Kannski vegna þess að hönnuðir eiga að ráða hér för?

Á blaðsíðu 2 er m.a. skrifað að tekið sé mið af lýðheilsu og hagkvæmni við skipulag og hönnun mannvirkja, og að við hönnun mannvirkja sé aðgengi allra að mannvirkjum tryggt. Einnig að

sérstakt tillit sé tekið til þarfa barna, fatlaðra og aldraðra við tilhögun og hönnun mannvirkja og almenningsrýma. Í beinu framhaldi á bls. 5 er nefnt að í tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður mun verða tekið sérstaklega tillit til sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og samþættu skipulagi byggðar og samgangna. Þá er eftirfarandi punktur settur fram í sambandi við byggðapróun og byggðamynstur:

- *Leggja skal áherslu á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf á bílaumferð og bætir forsendur fyrir almenningsamgöngur svo og gangandi og hjólandi vegfarendur.*

Til að þessi sýn geti orðið að veruleika er nefnt að stefnt sé að því að beina umferð þungra ökutækja um Þjóðveg 1 (þ.e. Hörgárbraut) og að vinna þurfi öryggisaðgerðir í deiliskipulagi svæðisins, m.a. göngu og hjólatengingu yfir/undir brautina. (Hér er líklegast verið að tala um Krossanesbrautina, sem á að breytast í vistgötu). Við í hverfisnefndinni erum steinhissa á að vilyrði sé sett til að setja göngu- og hjólréiðatengingu undir/yfir Krossanesbraut, þar sem hún á að vera vistgata með 30 km hámarkshraða, á svæðinu milli T gatnamótanna hjá Krossanesbraut við Undirhlíð og Hlíðarbraut (bls. 6 og bls. 20). Á Hörgárbraut eiga allir þungaflutningar að fara í gegnum bæinn sem og önnur gegnumstreymisumferð skv. þessum drögum (bls. 20). Væri ekki nær að setja göngu- og hjólréiðatengingu undir/yfir Hörgárbraut vegna mikillar og þungrar umferðar?

Á bls 27 er að svo að finna eftirfarandi klausu:

Öruggar gönguleiðir með gönguljósum og núverandi undirgöng undir Hörgárbraut tryggja skólabörnum örugga leið í skóla .

Við sem sitjum í hverfisnefnd blöskraði þessi fullyrðing og erum jafnframt mjög hugsí yfir því hvort ekkert hafi verið hlustað á okkur gegnum tíðina eða aðra íbúa hverfisins? Það er mjög sárt að sjá bæjarfulltrúa og/eða bæjarstarfsmenn, sem skrifa þessa deiliskipulagstillögu, að þeir séu alls ekki meðvitaðir um að þessi leið með gönguljósum er alls ekki örugg gangandi nemendum í skólann. Í mörg ár hafa íbúar Holta- og Hlíðahverfis, sem og hverfisnefnd, skrifað bænum fjölda ábendinga og krafna um að fá undirgöng undir Hörgárbraut fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur vegna tíðra alvarlegra slysa á gangandi. Hvað halda menn að gerist þegar öll þungaumferð og gegnumstreymisumferð verði beint þar í gegn? Að beina allri umferð um Hörgárbraut skilar ekki gangandi /hjólandi/vegfarendum, fötluðum sem ófötluðum, öruggum yfir götuna. Bara alls ekki.

Hverfisnefndin er sammála um að finnast bærinn byrja á vitlausum enda. Að byggja íbúðahverfi með 280 íbúðum og án þess að hugsa um áhrif íbúaaaukningar um 1120 manns (miðað við 4. manna fjölskyldur) er glapræði. Allri umferð beint á Þjóðveg 1 gegnum bæinn. Nú þegar hefur verið gífurleg slysatíðni á Hörgárbraut, á svæðinu neðan við hringtorgið við Undirhlíð, og hefur hún verið mikið til umfjöllunar í gegnum tíðina. Skilti og gönguljós eru alls ekki öruggar aðferðir til að koma í veg fyrir slysa á þessum vegarkafli, ef auka á umferð eins og til stendur að eigi að gera.

Enda eru þau ekki enn komin upp og miðað við reynslu mun líklegast vera löng bið eftir því. Að nefna það að gönguljós yfir Hörgárbraut séu örugg gangandi nemendum á leið í Glerárskóla er algjörlega tilhæfulaust, enda var ein versta ákeyrslan á barn á leið heim eftir skóla á umræddum ljósum gerðist nú í ár.

Okkur í hverfisnefnd finnst eðlilegra að finna heildræna lausn á umferðar- og almenningssamgöngum fyrir allt Holtá- og Hlíðahverfi áður en byrjað er að að búa til svo stórt hverfi sem Holtahverfi norður mun verða. Að ekki sé talað um ef allri umferð að sunnan - þungaflutningar sem og innanbæjar umferð er beint á Hörgárbraut, sem nú þegar hefur háa slysatíðni á gangandi/hjólandi vegfarendur.

Niðurstaða okkar í hverfisnefnd er sú að okkur hugnast ekki að samþykkja deiliskipulag, þar sem mjög opið og óljóst orðalag er viðhaft, þar sem ekkert er hugsað til framtíðar við að leysa umferðarvandamálin, sem flytjast frá Krossanesbrautinni yfir á annan stað.

Síðast en ekki síst finnst okkur umhugsunarvert að haft sé í hótunum íbúa við Krossanesbrautar þegar skrifað er í deiliskipulaginu:

Ef ekki rís byggð hér þá rís hún annarsstaðar, mögulega lengra frá miðbæ og vinnustöðum. Umferðapunginn og -hraðinn á Krossanesbraut verður áfram vandamál fyrir núverandi íbúa. Talið er að mengun og hávaði geti minnkað ef deiliskipulaginu verður framfylgt. (bls. 25)

Okkur finnst svona orðalag ekki vera annað en hótun. Ef ekki er byggt, á þá ekkert að leysa vandamálið við Krossanesbraut ... aldrei? Hvað þýðir svona orðalag annað?

Fundi slitið.

Auður Inga Ólafsdóttir, ritari.